

136. fundur

136. fundur í stjórn starfsmenntunarsjóðs starfsmanna stofnana Alþingis var haldinn miðvikudaginn 25. júlí 2025. Fundurinn var haldinn í húsnæði Alþingis, Vatnskoti, og hófst kl. 09:00. Mætt voru á fundinn Árni Davíð Magnússon, Ása Hulda Oddsdóttir og Helga Sigmundsdóttir.

Á fundinum var ákveðið að styrkir yrðu greiddir út gegn kvittun og staðfestingu á greiðslu þegar um hópferðir er að ræða og að öll ferðin sé greidd. Þá þarf dagskrá að liggja fyrir. Gegn þessu er hægt að greiða út styrkinn áður en ferð er farin.

Á fundinum kom einnig fram að fyrirhugað væri að gera nýja og betri heimasíðu fyrir starfsmenntunarsjóð en óvíst er hvenær hún mun koma til framkvæmda.

Fyrir fundinum lágu 26 umsóknir, þar af voru 18 um starfsmenntunarstyrk, 7 um tómstundastyrk og 1 vegna hópferða erlendis. Þar af voru tvær framhaldsumsóknir.

Alls var samþykkt að greiða úr sjóðnum við úthlutun á 136. fundi:

- 2.415.724 kr. samtals, þar af:
 - o 2.071.902 kr. í starfsmenntunarstyrki
 - o 343.822 kr. í tómstundastyrki
 - o 0 kr. í hópferðastyrki

Tveimur umsóknum var hafnað.

Fundi slitið kl. 10:50.